



FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBROTASKÓLANS Í GARÐABÆ

4. FUNDUR Á VORÖNN 2018

MIDVIKUDAGINN 28. FEBRÚAR KL. 13:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Leyfi vegna keppni eða ferðar á vegum íþróttafélags er veitt ef staðfesting frá þjálfara liggur fyrir. Ef nemendur þurfa leyfi vegna annarra ferða er það skoðað og síðan afgreitt í lok annar á þann hátt að ef skólasókn er óaðfinnaleg [97%] að öðru leyti er leyfið veitt í flestum tilfellum. **Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.**

B. Önnur bréf

Einn nemandi segir sig frá námi.

Umsókn frá 2. fundi skólaráðs um stöðupróf í dönsku samþykkt.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Almenn ánægja með Imbruvíkuna, árshátíðina, Opna húsið og söngleikinn. Skólaráð færir öllum sem komu að framkvæmd þessara viðburða þakki fyrir þeirra framlag. Gjaldkeri NFFG lagði fram uppgjör eftir árshátíðina og var það ekki fjarri lagi miðað við áætlunina sem lá fyrir. Næst á dagskrá er skíðaferð til Akureyrar 7.- 9. mars og byrjað er að selja miða í hana. Stefnt er á lokaball 12. apríl, söngkeppni 14. apríl og svo keilumót í lok annar.

3. Önnur mál

Umræða um framkvæmd á Dimission í vor og próf í síðustu kennsluviku annar.

Fundinn sátu:

Anna Jeeves, fulltrúi kennara
Dagný H. Broddadóttir, náms- og starfsráðgjafi
Finnbogi Jakobsson, fjármálastjóri NFFG
Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri
Kristinn Þorsteinsson, skólameistari
Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri
Petrún B. Jónsdóttir, forvarnafulltrúi
Rebekka Þurý Pétursdóttir, fulltrúi NFFG
Snjólaug E. Bjarnadóttir, aðstoðarskólameistari og fundarritari
Tinna Ösp Arnardóttir, félagsmálafulltrúi
Unnur Símonardóttir, náms- og starfsráðgjafi